Nr. 22.
3. október.

# Lög

um

## að skipta Kjósar- og Gullbringusýslu í tvö sýslufjelög.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, **Láenborg og Aldinborg,**

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

### 1. gr.

Að því er stjórn sveitarmála snertir, skal Kjósar- og Gullbringusýslu skipt í tvö sýslufjelög. Annað sýslufjelagið er hin forna Kjósarsýsla og Seltjarnarnesshreppur. Hitt sýslufjelagið er Bessastaðahreppur, Garðahreppur, Vatnsleysustrandarhreppur, Njarðvíkurhreppur, Rosmhvalanesshreppur, Miðnesshreppur, Hafnahreppur og Grindavíkurhreppur.

Hvort sýslufjelagið hefur sinn fjárhag og stjórn sveitarmálaefna fyrir sig.

### 2. gr.

Í hvoru sýslufjelaginu um sig skal vera sýslunefnd, er hafi á hendi stjórn sveitarmálefna þeirra, er varða sýslufjelagið samkvæmt tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872. Í sýslunefndum þessum eiga sæti, auk sýslumanns sem oddvita nefndanna, einn maður úr hverjum hreppi, er kosinn sje eptir reglum þeim, sem settar eru í nefndri tilskipun um kosningu sýslunefndarmanna. Sömuleiðis skal eptir sömu reglum kjósa varasýslunefndarmann fyrir hvern hrepp í hinum nýju sýslufjelögum samkv. lögum 6. nóv. 1897 um breyting á 6. gr. tilskipunar 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi og um viðauka við lög nr. 1, 9. janúar 1880.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

# Lov

Nr. 22.
3die
Oktober.

om

## Deling af Kjos og Gullbringa Syssel i to Sysselkommuner.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

*Gøre vitterligt:* Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Kjos og Gullbringa Syssel deles i kommunal Henseende i to Sysselkommuner. Den ene Sysselkommune udgør det gamle Kjos Syssel tilligemed Seltjarnarnes Rep. Den anden Sysselkommune omfatter Bessastada Rep, Garda Rep, Vatnsleysustrandar Rep; Njardvikur Rep, Rosmhvalanes Rep, Midnes Rep, Hafna Rep og Grindavikur Rep.

Hver af disse to Sysselkommuner har sin Økonomi og sine kommunale Anliggender for sig.

§ 2.

I hver Sysselkommune overtager et Sysselforstanderskab Bestyrelsen af de kommunale Anliggender i Overensstemmelse med Forordningen om de islandske Landkommuners Styrelse af 4de Maj 1872. Foruden Sysselmanden som Formand har et af hver Rep efter de i nævnte Forordning fastsatte Regler angaaende Valg af Sysselforstanderskabsmedlemmer valgt Medlem Sæde i bemeldte Sysselforstanderskaber. Ligeledes skal der efter de samme Regler vælges en Suppleant til Sysselforstanderskaberne for hver Rep i de nye Sysselkommuner overensstemmende med Lov 6te November 1897 om Forandring i Forordningen om de islandske Landkommuners Styrelse af 4de Maj 1872 § 6 samt Tillæg til Lov Nr. 1 af 9de Januar 1880.

Nr. 22.

3. október.

3. gr.

Allar eigur og skuldir sýslufjelagsins skiptist milli hinna nýju sýslufjelaga að $^{2}/_{3}$ eptir samanlagðri tölu fasteignar- og lausafjárhundraða, en að $^{1}/_{3}$ eptir tölu verkfærra manna.

4. gr.

Landshöfðingi gerir ráðstafanir til þess að koma lögum þessum til framkvæmda svo fljótt sem verða má.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 3. október 1903.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

***Alberti.***

§ 3.

Samtlige Sysselkommunens Aktiver og Passiver fordeles mellem de nye Sysselkommuner for $^2/_3$ efter Forholdet mellem det i hver af dem værende sammenlagte Antal af saavel Jordegodshundreder som Løsegodshundreder og for $^1/_3$ efter Forholdet mellem Antallet af arbejdsføre Mandspersoner.

§ 4.

Landshøvdingen træffer Foranstaltninger til Iværksættelsen af denne Lov saa snart som muligt.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 3die Oktober 1903.**

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

***Christian R.***

(L. S.)

***Alberti.***

---

**Ministeriet for Island, den 3die Oktober 1903.**

***Alberti.***

*Ólafur Halldórssnn.*

Nr. 22. Lov af 3die Oktober om Deling af Kjos og Gullbringa Syssel i to Sysselkommuner.